

Vistvæn hugsun og umhverfisvottun bygginga

Til eru margar mismunandi tegundir umhverfisvottana fyrir byggingar en almennt má segja að markmiðin með notkun þeirra séu:

- Að auka gæði bygginga.
- Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum við mannvirkjagerð.
- Að byggja heilnæmar og öruggar byggingar.
- Að draga úr heildarkostnaði bygginga á öllum líftímanum (framkvæmd+rekstur).

Til að mæta þessum markmiðum hafa verið þróuð margskonar vistvottunarkerfi, hvert með sína kosti og galla, þar sem vistvæn hugsun er kjarni kerfisins. Hér á landi hefur þróunin verið sú að horfa til Breeam-International sem útgangspunkt og leiðarljós á þessari vegferð. Þannig er hægt að einbeita sér að markmiðum vistvænnar hugsunar í stað þess að bíta um aðferðarfræði.

Vistbyggðarráð mun standa fyrir stuttu námskeiði þann 14. janúar næstkomandi þar sem fjallað verður um það hvernig hægt er að auka gæði bygginga, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, tryggja vellíðan og öryggi um leið og dregið er úr heildakostnaði bygginga á öllum líftíma hennar. Þetta hálf dags námskeið ætti að gagnast öllum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þess mál frekar og stuðla að bættu umhverfi.

Staðreyndin er sú að um alla heim er nú farið að gera mun ríkari kröfur um umhverfisgæði í byggingariðnaði. Hér á landi hafa opinberir framkvæmdaaðilar eins og Framkvæmdasýsla ríkisins og Reykjavíkurborg teki þessi skref og er þetta námskeið tilvalið tækifæri til þess að bæta þekkingu sína á vistvottun bygginga. Á námskeiðinu verður sérstaklega fjallað um breska vistvottunarkerfið BREEAM, en það er það kerfi sem notast hefur verið við hér á landi undanfarin ár. Námskeiðið gefur þó ekki réttindi til vottunar, heldur er ætlunin fyrst og fremst að gefa innsýn í þetta ferli, fara yfir helstu áherslur og draga lærdóm af þeim verkefnum sem þegar hefur verið unnið að hérlendis.

Námskeiðslýsing:

Farið verður yfir helstu grunnatriði varðandi vistvæna hugsun í tengslum við hönnun og framkvæmdir bygginga. Fjallað verður um vistvottun nokkurra bygginga hérlendis með sérstakri áherslu á notkun vistvottunarkerfisins Breeam- International fyrir byggingar. Farið verður yfir það hvaða matsþættir liggja til grundvallar vottun ásamt því að kynntar verða helstu útgáfur af kerfinu. Dregin verða fram atriði eins og sérstaða Íslands varðandi orkumál, notkun og aðgengi að vistvottuðu byggingarefni.

Einnig verður skoðað verður hvernig áherslur um vistvottun koma fram á öllum stigum framkvæmdar, allt frá frumhönnun til förgunar. Farið verður yfir nokkur dæmi um Breeam vottaðar framkvæmdir hér á landi.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er fyrst og fremst ætlað þeim sem hafa áhuga á að kynna sér hugmyndafræði vistvottunarkerfa fyrir byggingar bæði í tengslum við hönnun og/eða verklegar framkvæmdir. Námskeiðið getur hentað hönnuðum og framkvæmdaaðilum sem ekki hafa áður unnið með vistvottunarkerfi fyrir byggingar sem og öllum þeim sem hafa áhuga að að fræðast um vistvæna hugsun og markmiðasetningu við hönnun og byggingu mannvirkja á Íslandi.

Bls. | 2

Markmiðslýsing:

Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- ✓ Þekkja vel kosti vistvænna bygginga allt frá hönnun til reksturs.
- ✓ Öðlast nokkuð góða þekkingu á helstu matsflokkum í vistvottunarkerfinu Breeam.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta:

I)Vistvæn hugsun og hönnun bygginga, II)Breeam vottunarkerfið og III)Notkun Breeam á Íslandi

Leiðbeinendur:

Björn Guðbrandsson arkitekt, auk fulltrúar vottunaraðila og hönnuða.

Staður: Fundasalur Ásbyrgi, Verkís, Ofanleiti 2.

Tími: fimmtudagur 14. janúar kl. 13:00-16:30

Verð: 25.000 (18 þús fyrir aðildafélög/nema(þarf að framvísa skírteini)
(lágmarks fjöldi þátttakanda 15)

Skráning: Skráning á námskeiði í gegnum vefsíðu Vistbyggðarráðs fyrir 10. janúar(sjá undir viðburðir)

Greiða þarf námskeiðsgjald fyrir 10. janúar. Námskeiðsgjaldið greiðist beint inn á reikning Vistbyggðarráðs: 701-26-1550, kt:460510-1550. Vinsamlegst sendið staðfestingu á netfangið: vbr@vbr.is

Nánar um námskeiði:*

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta: I)Vistvæn hugsun og hönnun bygginga, II)Breeam vottunarkerfið og III)Notkun Breeam á Íslandi

13:00-13:30 (0,5klst)

I)Vistvæn hugsun og hönnun bygginga:

- Vistvæn eða sjálfbær bygging?
- Hverjir eru kostir vistvænna bygginga?
- Kostnaður / ávinningur við vistvæna vottun verkefna

13:30-14:00 (0,5 klst)

II) Breeam vottunarkerfið

- Hvað er BREEAM?
- Af hverju Breeam en ekki annað kerfi?
- Hugmyndafræðin og helstu áherslur

- Bream fyrir bæði byggingar og skipulag
- Helstu útgáfur af kerfinu

14:30-14:40- kaffihlé

14:40-15:30 (50 min)

Bls. | 3

Handbókin

- BREEAM, handbókin og almennar leiðbeiningar
- Farið yfir 9 efnisflokka og dregið fram það sem við þurfum sérstaklega að skoða í íslensku samhengi.
- Matsstig og mismunandi vægi einstakra þátta.

15:30-16:30 (1 klst)- þarf af 45 mín í verkefnadæmi

III)Notkun BREEAM á Íslandi.

- Af hverju notum við Breeam á Íslandi?
- Ólíkar gerðir verkefna – nokkur dæmi kynnt. (hvert verkefni 15 mín=45 min)
- Áskoranir í ferlinu – hvað höfum við lært og hvað ber að varast.

Vottunarferlið sjálft:

- Hvernig get ég fengið verkefnið mitt vottað
- Hverjir hafa leyfi til að votta byggingar?
- Hvar er hægt að öðlast réttindi til þess?

*Námskeiðslýsing þessi er birt með fyrirvara um lítilsháttar breytingar.